

Nýr efnalisti

Á næstu mánuðum verður tekin í notkun flokkunar- og merkingaskrá hættulegra efna fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið (EES). Skráin er útbúin í tengslum við nýja reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) sem ráðgert er að taki gildi innan nokkurra vikna. Á meðan að skráin er ekki tilbúin verður notast við nýja efnalista sem birtir eru í viðauka VI. Núverandi efnalisti verður ekki uppfærður frekar og eftir að reglugerðin hefur tekið gildi fellur sá listi úr gildi.

Flokkunar- og merkingaskrá

Með reglugerðinni verður komið á sérstakri skrá yfir flokkun og merkingu hættulegra efna sem koma mun í stað núverandi efnalista sem birtur er í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 236/1990. Skráin verður ekki tilbúin fyrr en búið verður að færa inn í hana flokkun efna í samræmi við tilkynningar og skráningar framleiðenda og innflytjenda. Sú vinna er ekki langt á veg komin en í ljósi þess að tilkynningum hættulegra efna á markaði skulu hafa borist 3. janúar 2011 má gera ráð fyrir að skráin verði tilbúin til birtingar snemma á næsta ári. Í millitíðinni verða hins vegar tveir listar í notkun eftir sitt hvoru flokkunarkerfinu.

Hluti skrárinnar verður opinn með upplýsingum um auðkenni efna, flokkun þeirra og merkingu en síðan verður sérstakur hluti sem kemur til með að innihalda trúnaðarupplýsingar sem eingöngu verða aðgengilegar þeim sem þau varða.

Á hinn bóginn verður samræmd flokkun og merking efna áfram til staðar fyrir efni sem valda krabbameini, stökkbreytingum og eru skaðleg æxlun og efni sem valda ofnæmi í öndunarfærum. Listinn yfir þau efni verður áfram í VI. viðauka. Yfirvöld, framleiðendur og innflytjendur eiga að senda tillögur til Efnastofnunar Evrópu (ECHA) um ný efni sem flokkast með slíkum hætti.

Efnalistar í VI. viðauka

Til þess að brúa bilið og til þess að færðar séu í nyt upplýsingar úr gamla efnalistanum hafa verið útbúnir efnalistar í VI. viðauka reglugerðarinnar. Þar hefur fylgiskjal 1 verið fært í heilu lagi yfir í töflu 3.2 í VI. viðauka á meðan að yfirfærð flokkun efna er í töflu 3.1.

Um er að ræða tvo aðskilda lista undir 3. lið í viðaukanum annars vegar listinn samkvæmt nýju reglunum í töflu 3.1 og hins vegar er listinn samkvæmt gömlu reglunum í töflu 3.2. Það sem er ólíkt við listana er að þeir eru raðaðir eftir skrárnúmerum (index number) en ekki í stafrófsröð eftir efnaheiti. Af þeim sökum er erfiðara að finna efni í þeim út frá efnaheiti og þar með munu útprentaðir listar væntanlega heyra sögunni til. Leit í nýju listunum verður þá að framkvæma með því að slá inn tilvísunarnúmeri (skrárn., CAS nr. eða EB nr.).

Þá er vert að athuga að í efnalistann, sem birtur er í reglugerðinni, vantar nýlegar breytingar sem orðið hafa á listanum. Þeim hefur hins vegar verið bætt inn í listana sem vísað er til á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Nýi listinn (tafla 3.1) er byggður upp á annan hátt en gamli listinn. Meira pláss fer undir dálka með upplýsingum um hættusetningar svo að ekkert pláss er fyrir tilvísanir í varnaðarsetningar sem leita verður uppi sérstaklega. Hér á eftir eru skýringar á þeim upplýsingum sem koma fram í einstökum dálkum í listanum:

- Í fyrsta dálki er raðnúmerið og í næsta efnaheiti, eitt eða fleiri samheiti og þar á eftir EB-númer og CAS-númer.
- Hættuflokkur (hazard class) er táknaður með skammstöfun og undirhættuflokkur (hazard category) er táknaður með tölu aftan við. Útskýringar á skammstöfunum er að finna í töflu 1.1. í viðauka VI. Hvert efni getur fallið undir marga mismunandi hættuflokka auk áhrifategunda (differentiation) innan hvers hættuflokks.
- Þar á eftir er vísað til viðeigandi hættusetninga (hazard statements) sem birtar eru í viðauka III. Vísað er til hættusetninga sem eiga að birtast í merkingunni í öðrum dálki og hættusetningar sem eru ekki hluti af alþjóðlega kerfinu eru í sérdálki
- Í sérstökum dálki er gerð grein fyrir hættumerkjum og viðvörðunarorði. Tilvísanir í hættumerkin eru í viðauka V.



- Ef efni kallar á sérstök styrkviðmið eða M-stuðul (margföldunarstuðul fyrir umhverfishættu) kemur það fram í sérdálki.

Gamli listinn (tafla 3.2) er óbreyttur úr fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 236/1990 að því undanskildu að efnum er raðað eftir skrárnúmerum. Sá listi mun gilda til 1. júní 2015 eða þar til gamla flokkunar- og merkingakerfið fellur úr gildi. Sá listi verður hins vegar ekki uppfærður framar.

Nýju efnalistarnir munu hafa takmarkað notagildi úr því að strax í upphafi næsta árs verður farið að vísa í flokkunar- og merkingaskrá sem vísað er til í 42. grein en sú skrá mun hýsa allar flokkunar- og merkingaupplýsingar efna í framtíðinni hvort sem hún kemur úr tilkynningum frá atvinnulífinu eða samræmd af yfirvöldum.

Þessi grein er byggð á innihaldi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna. Að auki var höfð hliðsjón af upplýsingum úr leiðbeiningum frá Efnastofnun Evrópu og opinberum svörum við algengum spurningum. Nánari útskýringar á flokkunar- og merkingaskránni verða gefnar þegar hún verður tekin í notkun.

